

177 2. að gjöld þau, er getur um í næst síðasta dálki fyrirmyndarinnar við reglugjörð-
4. desbr. ina, eigi ekki að greiðast í landssjóð, og

3. að þar sem gjaldheimtumenn eru skyldir að gjöra grein fyrir aukatekjum og gjöldum þeim, er til falla á hverjum ársfjórðungi með næsta pósti þar á eptir, geti þeir því að eins tekið gjöldin undir sjálfum sjer upp í laun sín, að launin sjeu komin í gjalddaga, og beri þeim þá að senda landfógeta í stað peninga kvittun fyrir laununum.

Fyrir því vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að jeg fellst á það, sem þjer þannig hafði tekið fram.

178 — *Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu um húsa-*
10. desbr. *skatt af torfbœjum.* — Út af fyrirspurn hreppstjórans í Akraneshreppi, er jeg meðtók með brjefi yðar, herra sýslumaður frá 15. f. m. vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda, að torfbœjir eru skattskyldir eigi síður en önnur hús, samkvæmt lögum 14. desember f. á. og að virða skal með hverri húseign geymsluhús þau, skemmur, hjalla og smiðjur, er henni fylgja. Ofnar, eldunarvjarlar, rúm í svefnhúsum, smiðjubelgir, stéðjar og önnur slík áhöld verða þar á móti því að eins talin með húseign, að þau sjeu múruð inn í húsið, eða fest við það á þann hátt, að það sje ljóst, að ætlast hafi verið til, að þau fylgdu húsinu, meðan það væri notað.

179 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um viðgjörð við dómkirkjuna.*
16. desbr. — Eptir að jeg samkvæmt brjefi ráðgjafans frá 15. ágúst þ. á. (Stjórnartíð. B, 128) hefi gjört samning við Jakob trjesmið Sveinsson um að hann takist á hendur viðgjörð við Reykjavíkur dómkirkju árið 1879, þannig að verkið á að byrja svo snemma að vorinu, sem tíð og veðurlag leyfa, og vera leitt til lykta, að minnsta kosti svo, að messað verði í kirkjunni, fyrir veturnætur 1879, vil jeg hjer með þjónustusamlega mælast til þess, að stiptyfirvöldin vildu þóknanlega gjöra nauðsynlega ráðstöfun til þess:

1. að útvegað sje hæfilegt húsnæði til guðsþjónustugjörðar, meðan á verkinu stendur og dómkirkjan ekki verður notuð til þess, eptir því sem að ofan er ávíkið, eða frá 1. apríl til veturnótta 1879.
2. að stiptybókasafnið og forngripasafnið, sem og hvað helzt annað, sem kynni að vera geymt á kirkjuloptinu, og sem gæti hindrað viðgjörðina, sje flutt burt þaðan fyrir lok marzmánaðar, og er það áskilið í samningnum, að þetta sje gjört, án þess yfirsmiðurinn kosti nokkru þar til.

180 — *Brjef landshöfðingja til stiptyfirvaldanna um kirkjulegt tímarit.* — Eptir
20. desbr. að jeg með þóknanlegu brjefi frá 23. f. m. hefi meðtekið álit stiptyfirvaldanna um beiðni dómkirkjuprests sira Hallgríms Sveinssonar, að sjer verði veittur 250 til 300 kr. árlegur styrkur til að kosta kirkjulegt tímarit, sem þeir prófastur sira Þórarinn Böðvarsson ætla sjer að gefa út eptir áskorun prestafundarins (synodus) og kalla: «Kirkjutíðindi fyrir Ísland», og sem ætlast er til, að komi út 4 sinnum á ári, hjer um bil 3 arkir í hverju hepti, hefi jeg af upphæð þeirri, sem í 15. gr. fjárlaganna fyrir 1878 og 1879 er ætluð til eflingar visindalegra og verklegra fyrirtækja, veitt sem styrk í tjeðu tilefni 100 kr. fyrir það tvöfalda hepti, sem til er ætlast, að komi út fyrir þetta ár. og 200 kr. fyrir árið